



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Meðfylgjandi er umsögn Arion banka hf. um frumvarp til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, þingskjal 426, 361. mál á 150. löggjafarþingi.

Arion banki lagði nýlega fram umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010, þar sem bankinn lýsti yfir áhyggjum af því að hin breyttu lög festu sérstakan skatt á viðskiptabanka í sessi, en bráðabirgðaákvæði laganna felur í sér að skattprósenta skattsins lækkar í fjórum jöfnum áföngum á árunum 2021 til 2024, úr 0,376% í 0,145%.

Þrátt fyrir að um umtalsverða lækkun sé að ræða, verður ekki fram hjá því litið að fjármagnsskipan viðskiptabankanna þriggja hefur gjörbreytt á þeim níu árum sem liðin eru frá setningu laga nr. 155/2010 og sama máli gegnir um íslenskt efnahagslíf. Þá verður jafnframt að huga að í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2007-2008 hefur ESB lagt mikla áherslu á bætt regluverk á sviði fjármálaþjónustu til að draga úr líkum á að fjármálaáfall á borð við þau sem áttu sér stað 2008 endurtaki sig, líkt og rakið er í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem er innleidd inn í íslenskan rétt með umræddu frumvarpi er mikilvægur liður í þeirri viðleitni.

Í IV. kafla fyrirliggjandi frumvarps eru ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) til þess að koma í veg fyrir að skuldbindingar lánastofnana séu þannig uppbyggðar að fyrirtækin geti ekki við sér undan skilaúrræðinu eftirgjöf. Skilavald mun ákveða með hvaða hætti MREL-kröfurnar verða endanlega innleiddar í íslenskan rétt.

Í frumvarpinu kemur fram að verði það að lögum muni það hafa í för með sér „breytta fjármagnsskipan íslensku bankanna og aukið vaxtaálag á skuldbréf sem flokkast sem hæfar skuldbindingar“ sem aftur muni hafa í för með sér aukinn vaxtakostnað hjá bönkunum. Við þetta bætist svo sérstök gjaldtaka í skilasjóð, sem skal nema 1% (um 8,5 milljarðar kr. miðað við tryggðar innstæður í árslok 2018) af tryggðum innstæðum fyrir árslok 2027, en árin 2020 og 2021 er ráðgert að færa samtals 2,4 milljarða króna úr innstæðudeild Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Umrædd tilfærsla er hins vegar bráðabirgðaráðstöfun, þar sem áformað er að „gjaldtakan verði að fullu komin til framkvæmda að þessum tveimur árum liðnum.“ Ljóst er að viðskiptabankarnir þeir munu bera stærstan hluta kostnaðar við fjármögnun skilasjóðsins í fyllingu tímans.

Aukið vaxtaálag og framlög bankanna í skilasjóð bætist ofan á sérstaka skattlagningu sem einkum beinist að viðskiptabönkunum, en þar er um að ræða sérstakan bankaskatt sem lagður er á allar skuldir þeirra (0,376% - 0,145%), sérstakan fjársýsluskatt af launum starfsmanna fjármálafyrirtækja (5,5%) og sérstakan fjársýsluskattur af tekjuskattstofni yfir 1.000.000.000 (6%). Háar eiginfjákröfur íslensku bankanna og aukið eftirlitsgjald bæta gráu ofan á svart.

Að mati Arion banka getur þessi viðtæka og sívaxandi skattheimta og að því er virðist skortur á yfirsýn og heildarstefnumörkun að því er varðar skatta- og rekstrarumhverfi viðskiptabanka ekki leitt



til annars en hriðversnandi samkeppnisstöðu þeirra, aukinnar skuggabankastarfsemi og eftir atvikum uppstökkunar einstakra sviða bankanna og uppsagna starfsmanna.

Arion banki vill af þessum sökum ítreka þá áskorun sem fram kemur í umsögn bankans um breytingar á lögum nr. 155/2010 að fram fari kortlagning og heildarstefnumörkun að því er varðar skattheimtu og rekstrarumhverfi viðskiptabanka. Breytt fjármagnsskipan bankanna, ytri aðstæður þeirra og fyrirbyggjandi frumvarp, auk breytinga á lögum nr. 155/2010 gefa ærið tilefni til að slík endurskoðun og stefnumörkun fari fram sem allra fyrst.

Arion banki lýsir sig reiðubúinn til að svara öllum spurningum háttvirtra nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar sem kunna að vakna vegna þeirra tillagna sem hér koma fram og sjónarmiða sem búa þeim að baki, bæði skriflega og eftir atvikum með því að koma fyrir nefndina.

Virðingarfyllst,

Benedikt Gíslason
Bankastjóri